Við gildistöku laga þessara skal þegar hafinn undirbúningur að skipan húsafriðunarnefndar í samræmi við ákvæði þeirra og skipunartími nefndarinnar hefjast eigi síðar en 1. janúar 2001.

Þeir starfsmenn sem eru fastráðnir hjá Þjóðminjasafni Íslands og starfa á vegum húsafriðunarnefndar við gildistöku laga þessara skulu halda öllum starfsréttindum sínum óbreyttum, þar með töldum réttindum sem byggjast á starfs- og þjónustualdri. Breyting á stöðu starfsmanns sem lög þessi hafa í för með sér felur því ekki í sér að staða sé lögð niður í skilningi starfsmannalaga, nr. 70/1996.

*Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Þórunn Ólafsdóttir*

## LÖG

**um flutning menningarverðmæta úr landi og um  
skil menningarverðmæta til annarra landa.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Tilgangur laga þessara er að varðveita menningarsögu íslensku þjóðarinnar, standa vörð um menningarsögulegar minjar hennar og tryggja skil á menningarverðmætum til annarra landa.

## 2. gr.

Eigi má flytja úr landi muni og gripi sem hér eru taldir, sbr. þó 3. gr., nema formlegt leyfi skv. 3. mgr. komi til:

1. Forngripi, eldri en 100 ára, hvort sem eru í eigu opinberra stofnana, fyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga.
2. Hluta úr listrænum, sögulegum eða trúarlegum minjum er losaðir hafa verið frá þeim og eldri eru en 100 ára.
3. a. Málverk og handgerðar myndir, aðrar en þær sem getið er um í b-lið 3. tölul. og 4. tölul., úr hvaða efni sem er ef þær eru eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.  
b. Vatnslitamyndir, gvassmyndir og pastelmyndir gerðar í höndum að öllu leyti á hvaða efni sem er ef þær eru eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
4. Mósaikverk úr hvaða efni sem er og að öllu leyti handunnin, sem ekki falla undir 1. eða 2. tölul., og teikningar úr hvaða efni sem er séu myndverkin að öllu leyti handunnin, eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
5. Frumeintök af stungum, þrykki, silkiprenti og steinprenti, ásamt tilheyrandi plötum og frumgerð veggspjalda, séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
6. Frumeintök höggmynda eða myndastyttna og eftirmyndir þeirra sem eru gerðar með sömu aðferð og frumeintökin séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra, enda falli þau ekki undir 1. tölul.
7. Ljósmyndir og kvikmyndir og filmur eða glerplötur af þeim, enda séu þær eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda myndanna.
8. Bækur, prentaðar fyrir 1500 (vögguprent), svo og handrit, þar með talin landabréf og raddskrár, stakar eða sem safn, sem eldri eru en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
9. Aðrar bækur, eldri en 100 ára, stakar eða sem safn.
10. Prentuð landabréf, eldri en 200 ára.
11. Skjalasöfn hvers konar og hluta þeirra, úr hvaða efni sem er, eldri en 50 ára.
12. Dýrafræðileg, grasfræðileg, bergfræðileg eða líffræðileg söfn og safneintök og sömuleiðis söfn sem gildi hafa fyrir sagnfræði, steingervingafræði, þjóðflokkafraði eða myntfræði.
13. Samgöngutæki, eldri en 75 ára.
14. Aðrar menningarminjar, eldri en 50 ára.

Leiki vafi á um aldur minja sem taldar eru upp í 1.–11. og 13.–14. tölul. 1. mgr. sker safnaráð úr, en Náttúrufræðistofnun Íslands ef 12. tölul. á við.

Safnaráð samkvæmt safnalögum veitir formlegt leyfi til útflutnings muna eða gripa sem taldir eru upp í 1.–14. tölul. 1. mgr., þó þannig að Náttúrufræðistofnun Íslands veitir slíkt leyfi ef um er að ræða útflutning náttúrugripa skv. 4. mgr. 15. gr. laga nr. 60/1992.

Ef um er að ræða muni eða gripi sem taldir eru upp í 8.–11. tölul. 1. mgr. skal safnaráð hafa samráð við Þjóðskjalasafn Íslands og Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi eftir því sem við á.

### 3. gr.

Ákvæði 2. gr. taka til menningarminja er falla undir 1., 2., 8. og 11. tölul. þeirrar greinar án tillits til verðgildis þeirra.

Ákvæði 2. gr. taka til menningarminja er falla undir 4., 5., 7. og 10. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 1.100.000 kr. eða meira.

Ákvæði 2. gr. taka til menningarminja er falla undir 6., 9., 12., 13. og 14. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 3.800.000 kr. eða meira.

Ákvæði 2. gr. taka til menningarminja er falla undir a-lið 3. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 11.500.000 kr. eða meira og b-lið 3. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 2.300.000 kr. eða meira.

Við verðgildismat skal miðað við ætlað markaðsverð hlutaðeigandi menningarminja hér á landi á þeim degi er umsókn um útflutningsleyfi berst safnaráði.

### 4. gr.

Safnaráði er heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis, að koma í veg fyrir útflutning menningarminja, jafnt þeirra sem taldar eru í 2. gr. sem annarra, án tillits til aldurs þeirra og verðgildis, ef minjarnar teljast til þjóðardýrgripa eða þær hafa að öðru leyti sérstakt gildi fyrir íslenska þjóðmenningu. Getur þá safnaráð stöðvað útflutning þeirra um stundarsakir meðan leitað er umsagna sérfróðra manna og þar til formleg afstaða ráðuneytisins er fengin. Fallist ráðuneytið eigi á beiðni um útflutningsleyfi er sú niðurstaða bindandi fyrir alla aðila og hið sama gildir um samþykki ráðuneytisins við útflutningi.

### 5. gr.

Óheimilt er að flytja til Íslands menningarminjar ef flutningurinn brýtur gegn:

- a. reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um skil á menningarminjum sem fluttar hafa verið ólöglega frá ríki á svæðinu eða
- b. löggjöf þess ríkis sem menningarminjar eru fluttar frá.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til þess ef menningarminjar eru fluttar löglega til landsins en er ekki skilað á umsömdum tíma.

Menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins skal skilað í samræmi við reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um skil á menningarminjum sem fluttar hafa verið ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis. Finnist menningarminjar hér á landi sem safnaráð telur að rökstuddur grunur leiki á að fluttar hafi verið til landsins með ólöglegum hætti skal ráðið með sannanlegum hætti tilkynna hlutaðeigandi ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins um fundinn. Telji valdbær stjórnvöld einhvers ríkjanna að minjarnar hafi verið fluttar frá yfirráðasvæði þess með ólöglegum hætti skal krafa þeirra um skil hafa borist safnaráði innan tveggja mánaða frá því að ráðið tilkynnti um fundinn. Berist krafa um skil ekki innan þess frests falla skyldur safnaráðs til varðveislu minjanna niður.

Ákvæði 5. og 6. mgr. þessarar greinar og ákvæði 6. gr., svo og ákvæði 7. gr. að því er varðar skil menningarverðmæta til annarra ríkja, gilda einvörðungu um kröfur um skil frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í aðildarríkjum samnings um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993. Íslensk stjórnvöld skulu þó jafnframt leitast við eftir föngum að aðstoða við réttmæt skil menningarminja til ríkja er ekki eiga aðild að nefndum samningi hafi minjarnar verið fluttar þaðan í andstöðu við þarlend lög. Skil á menningarminjum sam-

kvæmt ákvæði þessu hafa farið fram þegar menningarminjar hafa verið afhentar stjórnvöldum þess ríkis sem leggur fram beiðni um skil.

Íslenskum stjórnvöldum er skylt að sjá til þess að menningarminjum, sem fluttar hafa verið til Íslands með ólögmatum hætti, án tillits til núverandi eignaraðildar eða vörslu á þeim, verði skilað til rétttra eigenda eða umsjármanna þeirra erlendis, enda sé skilyrðum 3. gr. um verðmæti þeirra fullnægt. Umsókn þar að lútandi skal borin upp formlega af valdbæru stjórnvaldi í hlutaðeigandi ríki og skal henni beint til safnaráðs sem gerir síðan viðeigandi ráðstafanir, eftir atvikum í samvinnu við hlutaðeigandi stjórnvöld hér á landi, sbr. nánar 6. gr.

Við verðgildismat menningarminja skv. 5. mgr., sbr. og 3. gr., skal miða við þann dag er íslenskum stjórnvöldum berst krafa um skil á minjum frá valdbærum stjórnvöldum í öðru ríki. Við ákvörðun verðgildis skal haft mið af ætluðu markaðsverði hér á landi.

#### 6. gr.

Séu menningarminjar sem fjallað er um í 5. og 6. mgr. 5. gr. í eigu eða vörslu manna hérlendis er eigi vilja láta þær af hendi þegar safnaráð krefst þess, sbr. 5. og 7. gr., geta hlutaðeigandi stjórnvöld í öðru ríki, sem bera fram lögformlega kröfu um skil menningarminja, krafist þess fyrir dómi hér á landi, hvort heldur sem er í einkamáli eða opinberu dómsmáli, að eigendum eða vörslumönnum minjanna verði gert að láta þær af hendi og að mælt verði fyrir um að þeim skuli skilað með lögmeðtöllum hætti til þess ríkis er skila krefst. Sé um einkamál að ræða skal það höfðað gegn eiganda minjanna, hvernig sem hann er að minjunum kominn, og jafnframt gegn vörslumanni þeirra sé hann annar en eigandinn. Dómur um skil menningarverðmæta er grundvöllur innsetningargerðar, ef á reynir, en dómi má síðan jafnframt framfylgja með aðstoð sýslumanna, lögreglu og annarra þar til bærri yfirvalda, eftir því sem þörf krefur, fyrir atbeina safnaráðs.

Í kröfu um skil menningarminja, sem hér um ræðir og borin er upp fyrir íslenskum stjórnvöldum og dómstóli, ef á reynir, skal minjunum m.a. lýst svo nákvæmlega sem frekast er kostur, svo og menningarlegu gildi þeirra og verðmæti. Þá skal fylgja kröfu skýr yfirlýsing frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í því ríki er skila krefst um að munirnir hafi verið fluttir úr því ríki með ólögmatum hætti.

Krafa um skil menningarminja skv. 1. mgr. þessarar greinar verður eigi höfð uppi fyrir dómi eftir að eitt ár er liðið frá því að hlutaðeigandi stjórnvöld í því ríki er skila krefst fengu vitneskju um hvar menningarminjarnar eru niðurkomnar og hver sé núverandi eigandi eða vörslumaður þeirra hér á landi. Kröfu um skil verður heldur ekki komið að fyrir dómi þegar liðin eru meira en 30 ár frá því að minjarnar voru fluttar ólöglega frá því ríki er skila krefst. Sé um að ræða minjar sem eru hluti af opinberum söfnum í því ríki er skila krefst eða þær heyra til kirkjulegra minja þar er lúta sérstökum verndarráðstöfunum samkvæmt lögum þess ríkis skal þó kröfufresturinn miðast við 75 ár, nema íslenska ríkið hafi skuldbundið sig til þess, gagnvart hlutaðeigandi ríki, að virða lengri frest.

Það ríki, er krafist hefur skila á menningarverðmætum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal bera kostnað af þeim skilum, þar með talið kostnað af málsmeðferð.

Peir er komist hafa yfir menningarminjar sem þessi grein tekur til án þess að flutningur minjanna til Íslands hafi verið þeim saknæmur eða þeir hafi að öðru leyti öðlast þær með ólögmatum hætti geta krafist hæfilegra bóta frá því ríki er skila krefst vegna þess að þeim er gert að skila minjunum. Verður kröfu um bætur af þessum sökum m.a. komið að í dómsmáli sem höfðað er til skila minjanna eða þar sem krafa um skil er borin upp með öðrum hætti, en jafnframt getur grandlaus eigandi minja, sem skilakrafa beinist að, samið við hlutaðeigandi stjórnvöld í því ríki, er skila krefst, um bætur af þessum sökum. Hefur safnaráð milligöngu um þá samningsgerð eftir því sem þörf gerist. Hafi bótakrafa, sem hér um ræðir, verið viðurkennd með dómi eða liggja fyrir formlegur samningur um bætur, þar

á meðal dómsátt, getur safnaráð gert það að skilyrði fyrir afhendingu minjanna til hlutaðeigandi erlendra stjórnvalda að bætur verði greiddar.

#### 7. gr.

Safnaráð annast framkvæmd ákvæða þessara laga fyrir hönd íslenska ríkisins. Það veitir formleg leyfi til útflutnings menningarminja skv. 2. gr. og jafnframt skv. 4. gr. að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis. Um framkvæmd leyfisveitinga, m.a. um form leyfis-skjala, skal farið að nánari reglum er menntamálaráðherra setur. Safnaráð leggur mat á verðgildi menningarminja skv. 3. gr., sbr. og 5. gr., og annast um framkvæmd skila á menningarminjum til annarra ríkja skv. 5. gr.

Ágreiningi um leyfisveitingar eða synjanir útflutnings á þessu sviði má skjóta til menntamálaráðuneytis, sbr. nánar ákvæði stjórn-sýslulaga, nr. 37/1993. Verður þá ekki af útflutningi fyrr en ráðuneytið hefur heimilað hann og lagt fyrir safnaráð að gefa út leyfisbréf þar að lúandi. Til menntamálaráðuneytis má og skjóta ágreiningi um önnur atriði er lúta að framkvæmd ákvæða laga þessara.

Við mat á gildi menningarverðmæta, er hér um ræðir, svo og um meiri háttar álitafni, skal safnaráð hafa samráð við forstöðumenn þeirra stofnana hér á landi er einkum varðveita þess konar muni sem mál snýst um hverju sinni. Ef þörf gerist skal og leitað álits sérfróðra manna er eigi starfa við stofnanir þær er hér um ræðir.

Safnaráð tekur við kröfum um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í öðrum ríkjum og sömuleiðis ber ráðið fram kröfur til hlutaðeigandi stjórnvalda erlendis um skil menningarminja frá þeim ríkjum hafi þær verið fluttar frá Íslandi með ólög-mæt-um hætti, sbr. 2., 3. og 4. gr., og veitir þeim viðtöku fyrir hönd réttra eigenda eða vörslu-manna hérlendis.

Safnaráð skal hafa náð samstarf og samráð við þau stjórnvöld í öðrum ríkjum er fjalla þar um leyfi til útflutnings menningarminja og um skil þeirra, svo og við fjölþjóðlegar stofnanir er láta sig þau mál varða. Þá skal safnaráð leitast við að upplýsa um vörslustaði menningarminja sem fluttar hafa verið til landsins með óheimilum hætti. Skulu lögreglu-fyrirvöld aðstoða við þá leit ef þörf gerist.

Tollayfyrirvöld skulu tafarlaust tilkynna safnaráði um menningarminjar sem reynt hefur verið að flytja ólöglega til landsins og hið sama gildir um ólögmetan útflutning.

Safnaráði til ráðuneytis um allt það er snertir framkvæmd ákvæða þessara laga starfar þriggja manna nefnd kunnáttumanna er menntamálaráðherra skipar til þriggja ára í senn. Skal ráðherra skipa formann nefndarinnar sérstaklega en nefndin skiptir að öðru leyti með sér störfum. Þrjú varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Við val aðalmanna og varamanna, annarra en formanns og varaformanns, skal þess gætt að einn þeirra hafi sérkunnáttu á sviði listfræði, annar á sviði menningarsögu eða fornminjafraði, þriðji á sviði bókfræði og hinn fjórði á sviði skjalfraði. Varði mál, sem undir nefndina er borið, sérsvið varamanns skal hann fjalla um það mál jafnhliða aðalmönnum. Menntamálaráðherra ákveður þóknun nefndarinnar.

#### 8. gr.

Hvað varðar kröfur um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í aðildar-ríkjum að samningi um Evrópska efnahagssvæðið gilda ákvæði laga þessara um skil á minjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá þeim ríkjum hingað til lands 1. janúar 1995 og síðar. Hið sama tímamark gildir um kröfur íslenskra stjórnvalda um skil menningarminja frá öðrum aðildarríkjum að nefndum samningi.

## 9. gr.

Hver sá sem fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmda á ákvæðum laga þessara á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

## 10. gr.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum sem út eru gefin vegna framkvæmda á lögum þessum.

## 11. gr.

Brot gegn ákvæðum 2.–5. gr. laga þessara varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggji við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

## 12. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

## 13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi ákvæði VI. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989, sbr. lög nr. 60/1996.

*Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Davíð Oddsson.*

## SAFNALÖG.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### **Yfirstjórn og skipulag.**

## 1. gr.

Í lögum þessum er kveðið á um skipulag lista- og minjasafna í þeim tilgangi að varðveita og kynna menningarsögu íslensku þjóðarinnar og náttúrusögu Íslands.

## 2. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn málefna minja- og listasafna. Til minjasafna teljast menningarminjasöfn og náttúruminjasöfn.

Menntamálaráðherra skipar safnaráð til fjögurra ára í senn. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa auk varamanns og Félag íslenskra safnmanna einn fulltrúa auk varamanns. Auk þeirra eiga sæti í ráðinu forstöðumenn höfuðsafna og skulu þeir tilnefna varamenn í sinn stað. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi ráðsmanna.

## 3. gr.

Safnaráð er samráðsvettvangur starfsemi lista- og minjasafna. Safnaráð hefur eftirlit með söfnum í eigu ríkisins og söfnum sem hljóta ríkisstyrki. Safnaráð úthlutar úr safnasjóði, sbr. 10. gr.



## II. KAFLI

### Safnastarfsemi.

#### 4. gr.

Safn er samkvæmt lögum þessum stofnun, opin almenningi, sem hefur það hlutverk að safna heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins, standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum og hafa þær til sýnis svo að þær megi nýtast til rannsóknna, fræðslu og skemmtunar.

#### 5. gr.

Höfuðsöfn eru í eigu íslenska ríkisins og eru miðstöð safnastarfsemi hvert á sínu verksviði. Höfuðsöfn skal stofna með lögum þar sem nánar er kveðið á um starfsemi þeirra. Höfuðsöfn eru öðrum söfnum til ráðgjafar og stuðla þau að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu hvert á sínu sviði.

Höfuðsöfn kalla eftir safnastefnu þeirra safna sem starfa á þeirra sviði. Á fjögurra ára fresti skulu höfuðsöfn semja sameiginlega stefnuyfirlýsingu fyrir það safnasvið sem þau veita forstöðu og skal stefnuyfirlýsing ásamt verkáætlun kynnt safnaráði.

Þjóðminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu. Þjóðminjasafn Íslands annast söfnun, skrásetningu, varðveislu og rannsóknir á minjum um menningarsögu þjóðarinnar og kynningu þeirra, innan lands og utan.

Listasafn Íslands er höfuðsafn á sviði myndlistar. Listasafn Íslands annast heimildasöfnun, kynningu og rannsóknir á íslenski myndlist.

Náttúruminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Náttúruminjasafn Íslands annast kynningu og sýningar á náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda.

#### 6. gr.

Höfuðsöfn mega ekki taka við gjöfum sem kvaðir fylgja, en þó getur menntamálaráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstök rök mæla með því. Gjafir og fjárframlög til safna eru frádráttarþær til skatts, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með áorðnum breytingum.

#### 7. gr.

Heimilt er að lána gripi eða verk úr söfnum til sýningar, en þó eigi til útlanda nema með samþykki menntamálaráðherra að fenginni umsögn forstöðumanns viðkomandi höfuðsafns og safnaráðs ef um er að ræða gripi sem falla undir ákvæði laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa. Höfuðsöfnum er heimilt að lána um lengri eða skemmri tíma einstaka gripi eða verk til annarra safna eða opinberra stofnana, en tryggilega skal gengið frá varðveislu þeirra og þeir tryggðir eftir því sem forstöðumaður ákveður. Sama regla gildir um söfn sem hljóta styrki á grundvelli laga þessara. Nánari reglur um útlán muna og verka skal setja í reglugerð.

#### 8. gr.

Ekki má nota myndir af gripum eða verkum höfuðsafna sem vörumerki eða í auglýsingaskyni og ekki heldur gera af þeim myndir eða eftirlíkingar nema með leyfi viðkomandi forstöðumanns enda sé gætt réttar réttshafa samkvæmt höfundalögum. Sama regla gildir um söfn sem hljóta styrki á grundvelli laga þessara.

#### 9. gr.

Hvert höfuðsafn hefur sjálfstæða fjárveitingu í fjárlögum. Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar hvers höfuðsafns til fimm ára.

### III. KAFLI Safnasjóður o.fl.

#### 10. gr.

Hlutverk safnasjóðs er að styrkja starfsemi safna sem heyra undir lög þessi. Safnaráð úthlutar úr sjóðnum styrkjum til safna samkvæmt sérstökum úthlutunarreglum sem ráðið setur og menntamálaráðherra staðfestir.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum,
- b. önnur framlög.

Öll söfn sem undir lög þessi falla geta sótt um verkefnastyrki til safnasjóðs. Til þess að geta sótt um rekstrarstyrki þarf safn að uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Safnið skal hafa sjálfstæðan fjárhag og vera stjórnað af forstöðumanni í a.m.k. hálfu starfi.
2. Safnið skal starfa eftir stofnskrá sem hlotið hefur staðfestingu safnaráðs og skal starfa eftir stefnu sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti.
3. Safnið skal rekið óaðfínanlega að mati safnaráðs og fjárhagsgrundvöllur þess skal vera tryggður.
4. Safnið skal vera opið almenningi daglega á auglýstum tíma a.m.k. þrjá mánuði á ári.
5. Safnið skal bjóða upp á safnfræðslu eftir því sem við verður komið.
6. Safnið skal skrá safngripi eftir viðurkenndu skráningarkerfi.
7. Safnið skal fylgja viðurkenndum alþjóðlegum síðareglum safna.

Höfuðsöfn og önnur söfn, sem rekin eru af ríkinu, geta ekki notið styrkja úr safnasjóði.

#### 11. gr.

Nú vilja stjórnendur safns sem uppfyllir skilyrði laga þessara um rekstrarstyrk, sbr. 10. gr., afla sér húsnæðis fyrir safnið, hvort heldur með kaupum eða nýsmíði, og eiga þeir þá kost á að fá styrk til þess úr ríkissjóði, allt að einum þriðja hluta kostnaðar, eftir því sem fé kann að vera veitt til þess í fjárlögum enda samþykki safnaráð húsnæðið og stofnkostnað. Framlag ríkissjóðs skal innt af hendi samkvæmt sérstökum samningi og greiðsluáætlun sem stjórnendur safns gera við menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti áður en framkvæmdir hefjast.

#### 12. gr.

Nú telur safnaráð að safni sem hlýtur ríkisstyrk sé hætta búin sökum vanhírðu eða af öðrum orsökum og ekki hefur fengist úr bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir og getur þá menntamálaráðherra svipt safnið ríkisstyrk.

### IV. KAFLI Almenn ákvæði.

#### 13. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra.

#### 14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið eru numin úr gildi ákvæði II. kafla þjóðminjagala, nr. 88/1989, með síðari breytingum.

**Ákvæði til bráðabirgða.****I.**

Söfn sem nú starfa samkvæmt sérstökum lögum skulu laga starfsemi sína að lögum þessum innan tveggja ára frá gildistökudegi þeirra. Á þeim tíma skal lokið við að endurskoða löggjöf um starfsemi þeirra.

Ákvæði 5. mgr. 5. gr. sem kveður á um að Náttúruminjasafn Íslands hafi stöðu höfuðsafs kemur ekki til framkvæmda fyrr en sett hafa verið sérlög um Náttúruminjasafn Íslands í samræmi við lög þessi. Náttúruminjasöfn eiga eftir sem áður rétt á styrkjum úr safnasjóði á grundvelli 10. gr. með sama hætti og önnur minjasöfn.

**II.**

Þar til Náttúruminjasafn Íslands hefur verið sett á stofn, sbr. 5. mgr. 5. gr., skal forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands eiga sæti í safnaráði og tilnefna varamann í sinn stað. Eftir þann tíma tekur forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands sæti í safnaráði samkvæmt lögum þessum.

*Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Davíð Oddsson.*

Nr. 107

31. maí 2001

**ÞJÓÐMINJALÖG.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**I. KAFLI****Yfirstjórn og skipulag.****1. gr.**

Tilgangur þessara laga er að stuðla að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Lögin eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarsögulegra minja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarsögulegum minjum landsins og greiða fyrir rannsóknum á þeim.

Til menningarsögulegra minja teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornleifar og gömul mannvirki, kirkjugripir og minningarmörk, forngripir, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Til slíkra minja geta einnig talist staðir sem tengjast menningarsögu.

Þjóðminjar teljast þær minjar er varða menningarsögu Íslendinga sem ákveðið hefur verið að varðveita í Þjóðminjasafni Íslands, í byggðasöfnum eða með friðlýsingu.

Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar fornleifar og hins vegar forngripir.

**2. gr.**

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þjóðminjavörslu í landinu. Þjóðminjasafn Íslands, Fornleifavernd ríkisins og fornleifanefnd annast framkvæmd þjóðminjavörslunnar svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Þjóðminjavörður og forstöðumaður

Fornleifaverndar ríkisins starfa saman að mörkun stefnu og gerð langtímaáætlunar um þjóðminjavörsluna í heild.

## II. KAFLI

### Þjóðminjasafn Íslands og byggðasöfn.

#### 3. gr.

Þjóðminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslunnar. Það annast söfnun, skrásetningu, varðveislu og rannsóknir á minjum um menningarsögu þjóðarinnar og kynningar þeirra, innan lands og utan. Þjóðminjasafn Íslands er byggðasöfnum og öðrum minjasöfnum til ráðgjafar og stuðlar að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu á sviði þjóðminjavörslunnar.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Þjóðminjasafns Íslands, þjóðminjavörð, til fimm ára í senn. Skipaður skal maður með sérfræðimenntun og staðgóða þekkingu á starfsemi safnsins og stjórnunarreynslu.

#### 4. gr.

Til byggðasafna teljast samkvæmt lögum þessum önnur söfn en Þjóðminjasafn Íslands sem sett hafa verið á stofn í þeim tilgangi sem segir í 5. gr., hlotið hafa viðurkenningu þjóðminjavarðar og uppfylla skilyrði um rekstrarstyrki safna samkvæmt safnalögum.

#### 5. gr.

Hlutverk Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar, svo sem forngrípi, kirkjugrípi, listmuni, nytjahluti, svo og myndir, hljóðritanir og skráðar heimildir um þjóðhætti og kynna þær almenningi, innan lands og utan. Til slíkra minja geta einnig talist hús sem hafa sérstakt gildi að mati þjóðminjavarðar.

Hverju byggðasafni ber að leggja áherslu á söfnun og sýningu muna sem telja má ein kennandi eða hafa sögulegt gildi fyrir hlutaðeigandi byggðarlag eða landsfjórðung.

Þjóðminjasafn Íslands skal stuðla að rannsóknum á minjum um menningarsögu Íslendinga og útgáfu fræðilegra rita um þær.

Í Þjóðminjasafni Íslands skulu varðveittir aflagðir kirkjugripir og þeir gripir sem Fornleifavernd ríkisins og forráðamenn kirkna eru sammála um að eigi sé ástæða til að hafa í kirkju lengur. Þó getur þjóðminjavörður í samráði við Fornleifavernd ríkisins falið viðkomandi byggðasafni varðveislu gripanna.

## III. KAFLI

### Fornleifavernd ríkisins.

#### 6. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Fornleifaverndar ríkisins til fimm ára í senn. Þá eina má ráða í embættið sem hafa sérfræðimenntun í fornleifafræði eða minjafraði og hafa reynslu af stjórnunarstörfum.

Fornleifavernd ríkisins fjallar um og veitir leyfi til allra staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna. Fornleifavernd ríkisins er söfnum og öðrum hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um varðveislu og kynningu menningarsögulegra minja er heyra undir starfssvið hennar. Fornleifavernd ríkisins hefur eftirlit með öllum fornleifarannsóknum og er hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um skráningu, rannsóknir og varðveislu fornleifa.

#### 7. gr.

Heimilt er að skjóta ákvörðunum Fornleifaverndar ríkisins er varða rétt eða skyldu manna, svo sem ákvörðunum er varða leyfisveitingar og rannsóknir, sbr. 10. gr., stöðvun

framkvæmda, sbr. 13. og 14. gr., og leyfisveitingar, sbr. 15. gr., til úrskurðar fornleifanefndar.

Menntamálaráðherra skipar fornleifanefnd til fjögurra ára í senn. Félög fornleifafræðinga tilnefna tvo fulltrúa og þrjú fulltrúar skulu skipaðir án tilnefningar. Skal a.m.k. einn þeirra vera með próf í fornleifafræði og annar með embættispróf í lögfræði. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

Fornleifanefnd fjallar eingöngu um mál sem skotið er til hennar á grundvelli 1. mgr. Menntamálaráðherra skal í reglugerð setja nánari reglur um starfsemi nefndarinnar.

#### IV. KAFLI

### Minjasvæði, fornleifar og forngrípir.

#### 8. gr.

Landinu er skipt í minjasvæði eftir ákvæðum í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum Fornleifaverndar ríkisins. Í Reykjavík fer borgarminjavörður með minjavörslu. Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins ræður aðra minjaverði er hafa umsjón með minjasvæðum samkvæmt nánari ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins. Þeir eru starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins.

Minjaverðir skulu vera menntaðir fornleifafræðingar eða hafa menntun í menningar sögu. Fornleifavernd ríkisins er heimilt að fela forstöðumanni byggðasafns að gegna hlutverki minjavarðar á viðkomandi minjasvæði samkvæmt sérstökum starfssamningi.

Fornleifavernd ríkisins er heimilt að stofna minjaráð á hverju minjasvæði. Minjaráð skulu skipuð forstöðumönnum allra viðurkenndra byggðasafna á svæðinu ásamt minjaverði. Hlutverk þess er að fjalla um fornminjar og varðveislu þeirra í samráði við Fornleifavernd ríkisins.

#### 9. gr.

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.

## 10. gr.

Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

Fornleifavernd ríkisins hefur rétt til að láta rannsaka fornleifar með greftri eða á annan hátt og gera það sem þarf til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður.

## 11. gr.

Fornleifavernd ríkisins lætur, eftir föngum, skrá allar þekktar fornleifar og gefur út skrá um friðlýstar fornleifar og skal hún endurskoðuð á þriggja ára fresti. Fornleifavernd ríkisins lætur skrár þessar í té Þjóðminjasafni Íslands.

Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðal- skipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Fornleifavernd ríkisins ákveður hvaða fornleifar skulu friðlýstar. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar. Friðlýsa má samfelld svæði, minjasvæði, þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn og ytri mörk hans tilgreind svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Fornleifavernd ríkisins skal sjá til þess að friðlýstar fornleifar eða minjasvæði séu merkt með sérstökum merkjum. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsinguna. Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort. Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðlýsingar áfram.

Fornleifavernd ríkisins getur afturkallað friðlýsingu og skal afturköllunin auglýst með sama hætti og friðlýsingin.

## 12. gr.

Hver sá sem verður var við að fornleifar liggja undir skemmdum skal gera Fornleifavernd ríkisins viðvart. Ef fyrrisjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal viðkomandi sveitarfélag eða framkvæmdaraðili gera Fornleifavernd ríkisins viðvart með hæfilegum fyrirvara. Fornleifavernd ríkisins ákveður að höfðu samráði við Náttúruvernd ríkisins hvort rannsóknar er þörf, hvort friðlýsa beri viðkomandi stað eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum.

## 13. gr.

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

## 14. gr.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og

hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð, veitulagnir og skóg-rækt, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.

Kostnaður Fornleifaverndar ríkisins vegna athugunar á fornleifafundi sem gerð er í því augnamiði að staðfesta eðli og umfang fundarins skal greiddur af stofnuninni.

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað vegna þeirra rannsókna á fornleifum sem Fornleifa-vernd ríkisins úrskurðar að séu nauðsynlegar vegna athafna hans.

Fornleifavernd ríkisins er heimilt að leiðbeina framkvæmdaraðilum um kostnaðaráætlun, útböð og framkvæmd rannsóknarverkefna.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um efni þessarar greinar.

#### 15. gr.

Fornleifavernd ríkisins annast eftirlit með rannsóknum á fornleifum í landinu.

Með fornleifarannsókn er átt við hvers kyns jarðrask, sem fram fer í vísindalegum tilgangi og með það að markmiði að rannsaka jarðfastar fornleifar, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á rannsóknarsvæðinu.

Þegar Fornleifavernd ríkisins veitir leyfi til stað- og tímabundinna fornleifarannsókna, sbr. 2. mgr. 6. gr., skal þess gætt að stjórnandi þeirra hafi tilskilda menntun í fornleifafræði. Skal leyfi vera skriflegt hverju sinni og sá sem slíkt leyfi fær hlíta þeim reglum sem Fornleifavernd ríkisins setur þar að lútandi, svo sem um skil á rannsóknarskýrslum og birtingu þeirra og um skil á gripum sem finnast við rannsóknina, sbr. 18. gr.

Fornleifavernd ríkisins skal taka afstöðu til fram kominna umsókna um rannsóknarleyfi svo fljótt sem við verður komið.

Fornleifavernd ríkisins skal leitast við að bjóða út þær fornleifarannsóknir sem hún telur nauðsynlegar á hverjum tíma.

#### 16. gr.

Óheimil er notkun málmleitartækja eða annars tækjabúnaðar við leit að forngripum í jörðu nema með sérstöku leyfi þjóðminjavarðar.

#### 17. gr.

Skylt er að viðhalda á kostnað ríkissjóðs friðlýstum fornleifum.

#### 18. gr.

Forngripir eru lausar fornminjar, einstakir hlutir, 100 ára og eldri. Þegar forngripir finnast sem liggja eða legið hafa í jörðu skal finnandi tilkynna Fornleifavernd ríkisins fundinn svo fljótt sem við verður komið.

Finnandi skal ekki haggja við fundinum nema nauðsynlegt sé að taka hann eða hluta hans þegar til umhirðu með því að ella væri hætt á að munir spilltust eða færu forgörðum. Ákvæði 1. mgr. taka til allra muna sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og einnig til leifa af líkömum manna og dýra sem finnast í fornum haugum, dysjum eða leiðum. Allir munir, sem grein þessi fjallar um, sem og 15. gr., eru eign ríkisins. Skulu þeir varðveittir í Þjóðminjasafni Íslands eða í hlutaðeigandi byggða- eða minjasafni. Ef upp kemur ágreiningur um hvar varðveita skuli forngripi sker þjóðminjavörður úr.

#### 19. gr.

Finnandi forngrips á rétt á greiðslu að mati Fornleifaverndar ríkisins vegna útgjalda sem hann hefur haft vegna fundarins. Nú finnst forngripur úr gulli eða silfri, þar á meðal gullpeningar eða silfurpeningar, og skal þá Fornleifavernd ríkisins meta málmverð hlutar-

ins og leggja ofan á tíu af hundraði. Skal annar helmingur fjárhæðarinnar greiddur finnanda en hinn landeiganda. Útgjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd úr ríkissjóði að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

#### V. KAFLI

##### **Kirkjugripir og minningarmörk.**

20. gr.

Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins ákveður í samráði við þjóðminjavörð friðlýsingu og varðveislu kirkjugripa sem varðveittir eru í kirkjum landsins og hann telur friðunarverða vegna sögulegs eða listræns gildis þeirra. Gripir hverrar kirkju sem friðlýstir eru skulu skráðir sérstaklega.

Munir, sem á friðlýsingarskrá eru teknir skv. 1. mgr., eru friðhelgir. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Ekki má heldur farga þeim né flytja þá burtu nema með leyfi forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins. Forráðamönnum kirkna ber að vernda skráða kirkjugripi.

21. gr.

Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins friðlýsir þá legsteina eða önnur minningarmörk í kirkjugörðum sem hann telur rétt að vernda vegna sögulegs eða listræns gildis þeirra.

Halda skal nákvæmar skrár yfir minningarmörk og skulu minningarmörk í hverjum kirkjugarði skráð sérstaklega. Minningarmörk sem tekin eru á friðlýsingarskrá eru friðhelg. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Kirkjugarðsstjórnir annast vernd skráðra minningarmarka svo sem segir í lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrenslu, nr. 36/1993.

22. gr.

Fornleifavernd ríkisins heldur skrár skv. 20. og 21. gr. og lætur þær í té sóknarprestum, próföstum og sóknarnefndum sem hlut eiga að máli.

23. gr.

Sé kirkja lögð niður skulu gripir hennar renna til Þjóðminjasafns Íslands eða til annarra kirkna að höfðu samráði milli forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins, þjóðminjavarðar og biskups eða prófests. Gildir þetta jafnt um bændakirkjur sem safnaðarkirkjur. Þjóðminjasafn Íslands skal eiga forkaupsrétt að kirkjugripum í einkaeign ef seldir verða.

#### VI. KAFLI

##### **Fornleifasjóður.**

24. gr.

Fornleifasjóður hefur það hlutverk að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornleifum og forngripum. Menntamálaráðherra skipar fornleifasjóði þriggja manna stjórn sem úthlutar úr sjóðnum styrkjum til rannsóknar- og varðveisluverkefna og ber stjórnin ábyrgð á umsýslu sjóðsins. Menntamálaráðherra setur sjóðnum sérstakar úthlutunarreglur. Stjórn fornleifasjóðs skal þannig skipuð: Einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera fornleifafræðingur. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna.

Tekjur sjóðsins eru:

1. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum,
2. önnur framlög.



VII. KAFLI  
**Almenn ákvæði.**

## 25. gr.

Hver sá sem fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmda á ákvæðum IV. kafla laga þessara á rétt á skaðabótum úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

## 26. gr.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum sem út eru gefin vegna framkvæmda á lögum þessum.

## 27. gr.

Brot gegn ákvæðum 10.–15. gr., 18. gr., 20. gr. og 21. gr. varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggji við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

## 28. gr.

Fornleifavernd ríkisins skal a.m.k. árlega birta skrár þær sem stofnuninni ber að færa samkvæmt lögum þessum.

## 29. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra. Í reglugerðinni skal m.a. kveða nánar á um samstarf Fornleifaverndar ríkisins, Þjóðminjasafns Íslands og húsafriðunarnefndar.

## 30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma að fullu til framkvæmda innan þriggja mánaða frá gildistöku þeirra. Með lögum þessum falla úr gildi ákvæði I., II., III., IV. og VII. kafla laga nr. 88/1989, með síðari breytingum.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Umboð þjóðminjaráðs og fornleifanefndar samkvæmt lögum nr. 88/1989, með síðari breytingum, fellur niður við gildistöku laganna. Ný fornleifanefnd skal skipuð innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna.

Leyfi til fornleifarannsókna sem veitt hafa verið fyrir gildistöku laga þessara halda gildi sínu.

Starfandi þjóðminjavörður gegnir embætti sínu í allt að þrjá mánuði frá gildistöku laga þessara eða þar til skipað hefur verið í embætti þjóðminjavarðar, sbr. 3. gr., og forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins, sbr. 6. gr., og skal embætti hans lagt niður frá og með þeim tíma.

Þeir starfsmenn sem eru fastráðnir hjá Þjóðminjasafni Íslands við gildistöku laga þessara skulu halda öllum starfsréttindum sínum óbreyttum, þar með töldum réttindum sem byggjast á starfs- og þjónustualdri annaðhvort hjá Fornleifavernd ríkisins eða hjá Þjóðminjasafni Íslands samkvæmt nánara samkomulagi við forstöðumenn stofnananna. Breyting á starfsstöð starfsmannanna sem lög þessi hafa í för með sér felur því ekki í sér niðurlagningu starfa þeirra í skilningi starfsmannalaga, nr. 70/1996, og gilda þau ákvæði því ekki um þá.

*Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Davíð Oddsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 16 – 2001

---

27. júní 2001

245

Nr. 108

## AUGLÝSING

**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 27. júní 2001.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

28. júní 2001

Nr. 109

## AUGLÝSING

**frá forsætisráðuneytinu.**

Davíð Oddsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra störfum forsætisráðherra.

*Forsætisráðuneytinu, 28. júní 2001.*

F. h. r.

**Ólafur Davíðsson.**

2. júlí 2001

Nr. 110

## AUGLÝSING

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 2. júlí 2001.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Guðmundur Arnason.*

**AUGLÝSING****um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda þann 15. júlí nk. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 13. júlí 2001.*

F. h. r.

**Guðmundur Árnason.**

**AUGLÝSING****um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 7. ágúst 2001.*

F. h. r.

**Ólafur Davíðsson.**

*Guðmundur Árnason.*

**AUGLÝSING****um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fór til útlanda í dag. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 24. ágúst 2001.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

## AUGLÝSING

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 27. ágúst 2001.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

5. september 2001

Nr. 115

## FORSETABRÉF

**um að Alþingi skuli koma saman mánudaginn 1. október 2001.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman mánudaginn 1. október 2001.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðspjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

*Gjört á Bessastöðum, 5. september 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Davíð Oddsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 17 – 2001

---

Nr. 116

248

17. september 2001

## AUGLÝSING

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fór til útlanda í dag. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 17. september 2001.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

Nr. 117

22. september 2001

## AUGLÝSING

### um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 22. september 2001.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

## BRÁÐABIRGÐALÖG

**um heimild ríkissjóðs til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.**

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til þess að ríkissjóður geti tímabundið tekist á hendur tryggingu eða endurtryggingu gegn bótaábyrgð sem íslensk flugfélög kunni að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika. Í lána- og flugvélaleigusamningum íslenskra flugrekenda sem stunda flug til og frá Íslandi og utan lands sé almennt kveðið á um að viðkomandi flugrekandi skuli váttryggður fyrir nánar tiltekinni lágmarksfjárhæð gegn hverju einstöku tjóni af völdum viðkomandi loftfars sem verði hjá þriðja aðila vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka og áþekkra atvika. Eftir hryðjuverkin í Bandaríkjunum hinn 11. september sl. og vegna þeirrar óvissu sem ríkt hafi í kjölfarið hafi váttryggingarfélög um allan heim sagt upp slíkum ábyrgðartryggingum og tilkynnt flugrekendum að þau muni aðeins veita lítinn hluta af þeirri váttryggingavernd sem þau hafa veitt til þessa. Þessi breyting taki gildi á miðnætti 24. september 2001. Lánveitendur íslenskra flugrekenda og eigendur flugvéla sem þeir nota hafi tilkynnt að það feli í sér vanefndir á viðkomandi láns- og flugvélaleigusamningum uppfylli ábyrgðartryggingar ekki áfram áskilnað viðkomandi samninga. Þótt talsverðar líkur séu taldar á að fljótlega verði unnt að fá keyptar einhverjar viðbótartryggingar á alþjóðlegum tryggingamörkuðum sé ljóst að það muni ekki standa til boða áður en nógildandi ábyrgðartryggingar falla úr gildi. Því liggja fyrir að allt flug íslenskra flugrekenda til og frá landinu og erlendis muni stöðvast á miðnætti mánudaginn 24. september 2001 ef ekki hafi fyrir þann tíma tekist að veita þeim nauðsynlegar viðbótartryggingar. Flugfélög um allan heim hafi leitað eftir því hjá stjórnvöldum í heimaríkjum sínum að þau takist á hendur nauðsynlegar ábyrgðartryggingar og hafi í mörgum tilvikum þegar fengist staðfesting á að það verði gert. Sums staðar sé til athugunar að þetta verði gert í formi endurtryggingar ríkisins á ábyrgðartryggingu sem flugrekandi taki hjá váttryggingarfélagi. Á fundi efnahags- og fjármálaráðherra Evrópusambandsins hinn 22. september sl. hafi verið samþykkt að við ríkjandi aðstæður gengi tímabundinn stuðningur ríkisstjórna sambandsins við að veita flugrekendum nauðsynlegar ábyrgðartryggingar ekki gegn meginreglum sambandsins og væri miðað við að slíkar stuðningsaðgerðir gætu staðið í einn mánuð. Afar brýnt sé að flugrekstur íslenskra flugfélaga stöðvist ekki. Ekki verði séð að koma megi í veg fyrir það nema ríkissjóður geti tímabundið veitt flugrekendum tilskilda ábyrgðartryggingu, endurtryggt váttryggingarfélag sem slíka tryggingu veitir eða tekið þátt í samstarfi nágrannaríkja um slíkt, ef þess verði kostur. Lagaheimildar sé þörf til þess að ríkissjóður geti átt atbeina að því að veita nauðsynlegar tryggingar.

Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

Ríkissjóði er heimilt að veita tryggingu eða endurtryggingu gegn bótaábyrgð sem íslenskir flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns af notkun loftfars sem stafar af hernaðaraðgerðum, hryðjuverkum eða áþekktum atvikum. Trygging ríkissjóðs skal vera í formi viðbótartryggingar við eða endurtryggingar á viðbótartryggingu við ábyrgðartryggingu sem flugrekendur geta keypt á almennum markaði. Tryggingin skal að hámarki

tryggja það sem á vantar að váttryggingarfjárhæð ábyrgðartryggingar sem unnt er að kaupa á almennum markaði nái þeirri lágmarks fjárhæð ábyrgðartryggingar sem viðkomandi flugrekandi hefur skuldbundið sig gagnvart þriðja aðila til þess að hafa í gildi.

Binda má veitingu tryggingar samkvæmt 1. mgr. þeim skilyrðum og skilmálum sem ríkissjóður álitur nauðsynleg. Heimilt skal að áskilja ríkissjóði gjald fyrir þá tryggingu sem ríkissjóður lætur í té.

2. gr.

Trygging sem ríkissjóður veitir á grundvelli heimildar samkvæmt 1. gr. skal vera tíma-bundin og má eigi gilda lengur en til 25. október 2001.

Trygging ríkissjóðs samkvæmt 1. gr. skal hafa að geyma áskilnað um rétt ríkissjóðs til þess að segja tryggingu upp á gildistíma hennar ef áhættustig í flugsamgöngum vex eða váttryggjendur hefja að bjóða viðbótar ábyrgðartryggingar.

3. gr.

Ríkissjóði skal í því skyni að dreifa áhættu ríkissjóðs af veitingu trygginga samkvæmt 1. gr. heimilt að taka þátt í samstarfi við önnur ríki um veitingu eða endurtryggingu ábyrgðartrygginga á borð við þær sem um ræðir í 1. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 23. september 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L.S.)

Davíð Oddsson.

# STJÓRNARTÍÐINDI A 18 – 2001

9. október 2001

251

Nr. 119

## AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

	A	A1	E
	%	kr/kg	%
1. gr.			
Almennur rekstur:	
1.13 Styrkir til innanlandsflugs .....	66,0
Stofnkostnaður:	
6.10 Nýframkvæmdir .....	100,0
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>166,0</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	166,0

### 10-471 Flugmálastjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn .....	10,0
1.11 Styrkir til innanlandsflugs .....	-29,6
Almennur rekstur samtals .....	-19,6
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>-19,6</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	9,4
Innheimt af ríkistekjum .....	-29,0

m.kr.

**10-472 Flugvellir**

Stofnkostnaður:

6.80 Flugvellir, framkvæmdir ..... 348,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 98,0

Viðskiptahreyfingar ..... 250,0

**10-481 Rannsóknanevnd flugslysa**

Almennur rekstur:

1.01 Rannsóknanevnd flugslysa ..... 3,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 3,0

**10-651 Ferðamálaráð**

Almennur rekstur:

1.11 Ferðamálasamtök landshluta ..... 3,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 3,0

**10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... 506,2****Greitt úr ríkissjóði ..... 285,2****Innheimt af ríkistekjum ..... -29,0****Viðskiptahreyfingar ..... 250,0**

m.kr.

**11 Iðnaðarráðuneyti****11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja**

Almennur rekstur:

1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja ..... 45,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 45,0

**11-301 Orkustofnun**

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn ..... 10,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 10,0

**11-371 Orkusjóður**

Almennur rekstur:

1.13 Jarðhitaleit ..... 6,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 6,0

**11-411 Byggðastofnun**

Almennur rekstur:

1.10 Byggðastofnun ..... 30,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 30,0

**11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... 91,0****Greitt úr ríkissjóði ..... 91,0****Innheimt af ríkistekjum ..... 0,0****Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

m.kr.

**12 Viðskiptaráðuneyti****12-302 Löggildingarstofa**

Almennur rekstur:

1.01 Löggildingarstofa ..... 8,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 8,0

**12-402 Fjármálaeftirlitið**

Almennur rekstur:

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... -18,8

Viðskiptahreyfingar ..... 18,8

**12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... 8,0****Greitt úr ríkissjóði ..... -10,8****Innheimt af ríkistekjum ..... 0,0****Viðskiptahreyfingar ..... 18,8**

## 14 Umhverfissráðuneyti

### 14-101 Umhverfissráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn ..... 9,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 9,0

### 14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.23 Ýmis umhverfisverkefni ..... 2,1

1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál ..... 2,0

1.90 Ýmis verkefni ..... 2,0

Almennur rekstur samtals ..... 6,1

**Gjöld samtals ..... 6,1**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 6,1

### 14-283 Hreinsun umhverfis

Almennur rekstur:

1.11 Hreinsun olíu úr flaki skipsins El Grillo á  
botni Seyðisfjarðar ..... 20,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 20,0

### 14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:

1.02 Setur í Reykjavík ..... 3,6

Viðhaldsverkefni:

5.21 Fasteignir ..... 13,0

**Gjöld samtals ..... 16,6**

m.kr.

Fjármögnun:  
Greitt úr ríkissjóði ..... 16,6

**14-403 Náttúrustofur**

Almennur rekstur:  
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum ..... 5,0

Fjármögnun:  
Greitt úr ríkissjóði ..... 5,0

**14-410 Veðurstofa Íslands**

Stofnkostnaður:  
6.01 Tæki og búnaður ..... 6,0

Fjármögnun:  
Greitt úr ríkissjóði ..... 6,0

**14 Umhverfissráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... 62,7**

**Greitt úr ríkissjóði ..... 62,7**

**Innheimt af ríkistekjum ..... 0,0**

**Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**



m.kr.

**19 Vaxtagjöld ríkissjóðs****19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs**

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs .....	1.090,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	1.470,0
Viðskiptahreyfingar .....	-380,0
<b>19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>1.090,0</b>
<b>Greitt úr ríkissjóði .....</b>	<b>1.470,0</b>
<b>Innheimt af ríkistekjum .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>-380,0</b>

Sundurliðun 2  
**Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta**

Þús. kr.

Eftirfarandi liðir í 18. tölul., **Hafnamannvirki (10-335 6.70)**, í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta fjárlaga fyrir árið 2001 breytast og verða svohljóðandi:

1. Snæfellsbær .....	42.300
2. Bolungarvík .....	800
3. Þórshöfn .....	1.300
4. Vopnafjörður .....	99.300
5. Fáskrúðsfjörður .....	1.900
6. Sandgerði .....	86.000

## Séryfirlit 1

**Málaflokkar gjalda í A-hluta****01. Almenn opinber þjónusta**

## 01.1 Opinber þjónusta

01.1.1 Æðsta stjórnýsla ríkisins .....	386,1
01.1.2 Fjármálastjórnýsla .....	355,0
01.1.3 Utanríkisstjórnýsla .....	64,0
<b>Samtals</b> .....	<b>805,1</b>

## 01.2 Erlend efnahagsaðstoð

01.2.1 Efnahagsaðstoð við þróunarlönd .....	100,0
<b>Samtals</b> .....	<b>100,0</b>

## 01.3 Opinberar frumrannsóknir

01.3.1 Frumrannsóknir í raunvísindum .....	21,6
<b>Samtals</b> .....	<b>21,6</b>

## 01.4 Önnur almenn opinber þjónusta

01.4.3 Önnur almenn opinber þjónusta óta.. ..	21,0
<b>Samtals</b> .....	<b>21,0</b>

**Almenn opinber þjónusta samtals** ..... **947,7**

**03. Löggæsla og öryggismál**

## 03.1 Löggæsla og brunavarnir

03.1.1 Löggæsla .....	132,8
<b>Samtals</b> .....	<b>132,8</b>

03.2 Dómsstólar .....

163,0

03.4 Önnur réttar- og öryggismál .....

203,7

**Löggæsla og öryggismál samtals** ..... **499,5**

**04. Fræðslumál**

## 04.2 Framhaldsskólastig

04.2.1 Almennt framhaldsskólastig .....	297,0
04.2.2 Sérskólastig .....	197,7
<b>Samtals</b> .....	<b>494,7</b>

		m.kr.
04.3	Æðra skólastig	
04.3.1	Háskólastig.....	410,0
	<b>Samtals</b> .....	<b>410,0</b>
	<b>Fræðslumál samtals</b> .....	<b>904,7</b>
<b>05.</b>	<b>Heilbrigðismál</b>	
05.1	Sjúkrahúsþjónusta	
05.1.1	Almenn sjúkrahúsþjónusta.....	273,0
05.1.2	Sérstæð sjúkrahúsþjónusta.....	36,0
05.1.4	Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir.....	63,5
	<b>Samtals</b> .....	<b>372,5</b>
05.2	Heilsugæsla	
05.2.1	Almenn heilsugæsla.....	135,0
05.2.2	Sérstæð heilsugæsla.....	71,9
05.2.3	Tannlæknisþjónusta.....	-30,0
	<b>Samtals</b> .....	<b>176,9</b>
05.4	Lyf og hjálpartæki.....	230,0
05.6	Önnur heilbrigðismál.....	146,6
	<b>Heilbrigðismál samtals</b> .....	<b>926,0</b>
<b>06.</b>	<b>Almannatryggingar og velferðarmál</b>	
06.1	Almannatryggingar	
06.1.1	Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur.....	300,0
06.1.3	Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir.....	775,0
06.1.4	Atvinnuleysisbætur.....	-760,0
06.1.5	Fjölskyldu- og barnabætur.....	5,0
06.1.6	Önnur félagsleg aðstoð.....	630,0
	<b>Samtals</b> .....	<b>950,0</b>
06.2	Velferðarmál	
06.2.3	Málefni fatlaðra.....	98,8
06.2.4	Önnur velferðarheimili.....	12,0
06.2.6	Önnur velferðarþjónusta, óta.....	7,2
	<b>Samtals</b> .....	<b>118,0</b>
	<b>Almannatryggingar og velferðarmál samtals</b> .....	<b>1.068,0</b>

m.kr.

**07. Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál**

07.1 Húsnæðis- og skipulagsmál	
07.1.2 Skipulagsmál .....	25,9
<b>Samtals.</b> .....	<b>25,9</b>
07.3 Hreinsunarmál	
07.3.1 Almenn hreinsunarmál .....	20,0
<b>Samtals.</b> .....	<b>20,0</b>
<b>Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals</b> .....	<b>45,9</b>

**08. Menningarmál**

08.0 Menningarmál	
08.0.1 Æskulýðs-, íþróttá- og útivistarmál .....	0,6
08.0.2 Söfn, listir ofl. ....	28,6
08.0.3 Fjölmíðlar .....	365,0
08.0.4 Kirkjumál .....	142,4
08.0.5 Önnur menningarmál .....	0,6
<b>Samtals.</b> .....	<b>537,2</b>
<b>Menningarmál samtals</b> .....	<b>537,2</b>

**09. Eldsneytis- og orkumál**

09.2 Orkumál	
09.2.1 Raforkumál .....	6,0
09.2.3 Orkumál, óta. ....	10,0
<b>Samtals.</b> .....	<b>16,0</b>
<b>Eldsneytis- og orkumál samtals</b> .....	<b>16,0</b>

**10. Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál**

10.1 Landbúnaðarmál	
10.1.1 Jarðræktarmál .....	4,5
10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar .....	45,0
10.1.5 Dýralæknisþjónusta .....	52,0
10.1.7 Önnur landbúnaðarmál .....	6,1
<b>Samtals.</b> .....	<b>107,6</b>

m.kr.

10.2	Skógræktarmál .....	40,0
10.3	Sjávarútvegsmál	
10.3.3	Tekju- og verðlagsmál sjávarafurða .....	-15,0
10.3.4	Rannsóknar- og þróunarstarfsemi .....	50,0
10.3.7	Önnur sjávarútvegsmál .....	31,0
	<b>Samtals</b> .....	<b>66,0</b>
	<b>Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals</b> .....	<b>213,6</b>
<b>11.</b>	<b>Iðnaðarmál</b>	
11.2	Iðnaðarstarfsemi .....	45,0
	<b>Iðnaðarmál samtals</b> .....	<b>45,0</b>
<b>12.</b>	<b>Samgöngumál</b>	
12.1	Landsamgöngur	
12.1.1	Vega- og gatnagerð .....	100,0
	<b>Samtals</b> .....	<b>100,0</b>
12.4	Loftsamgöngur	
12.4.2	Önnur loftsamgöngumál .....	439,9
	<b>Samtals</b> .....	<b>439,9</b>
12.7	Önnur samgöngumál .....	5,8
	<b>Samgöngumál samtals</b> .....	<b>545,7</b>
<b>13.</b>	<b>Önnur útgjöld vegna atvinnuvega</b>	
13.2	Ferðaþjónusta .....	3,0
13.4	Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins .....	24,0
13.5	Almenn launa- og atvinnumál .....	143,8
13.6	Önnur atvinnumál .....	30,0
	<b>Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals</b> .....	<b>200,8</b>
<b>14.</b>	<b>Önnur útgjöld ríkissjóðs</b>	
14.0	Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0.1	Vaxta- og lántökukostnaður .....	1.090,0
14.0.2	Tilfærslur til annarra opinbera aðila .....	43,0

	m.kr.
14.0.3 Önnur þjónusta.....	7.874,0
<b>Samtals.....</b>	<b>9.007,0</b>
<b>Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals .....</b>	<b>9.007,0</b>
<b>Heildargjöld samtals.....</b>	<b>14.957,1</b>

## Séryfirlit 2

**Hagræn skipting gjalda í A-hluta 2001**

m.kr.

**Rekstrargjöld**

Laun .....	4.702,0
Lífeyrisskuldbindingar .....	3.000,0
Önnur gjöld .....	1.816,8
Sértekjur .....	-490,4
<b>Rekstrargjöld samtals .....</b>	<b>9.028,4</b>

**Fjármagnskostnaður .....** **1.090,0**

**Rekstrar- og neyslutilfærslur**

Lífeyristryggingar .....	880,0
Vaxtabætur .....	600,0
Sjúkratryggingar .....	375,0
Ríkisútvarpið .....	365,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna .....	270,0
Fæðingarorlof .....	250,0
Ábyrgðasjóður launa .....	200,0
Dagagjaldastofnanir .....	128,0
Aðstoð vegna náttúruhamfara .....	120,5
Próunaraðstoð .....	100,0
Styrkir til innanlandsflugs .....	66,0
Atvinnuleysistryggingasjóður .....	-460,0
Aðrar neyslu- og rekstartilfærslur .....	1.083,1
<b>Neyslu- og rekstartilfærslur samtals .....</b>	<b>3.977,6</b>

**Viðhald .....** **47,5**

**Fjárfesting**

Hugbúnaðargerð fyrir bókhalds- og starfsmannakerfi .....	350,0
Flugvellir .....	348,0
Vegagerð .....	100,0
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum .....	-150,0
Annað .....	165,6
<b>Fjárfesting samtals .....</b>	<b>813,6</b>

**Gjöld samtals .....** **14.957,1**



Skýfirlit 3  
**Markaðar tekjur 2001**

m.kr		Sjóðs- hreyfingar
<b>02-319</b>	<b>Framhaldsskólar, almennt</b>	
	Sveinsbréf.....	-2,5
	Greitt úr ríkissjóði .....	-2,5
<b>02-969</b>	<b>Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður</b>	
	Sérstakur eignaskattur, einstaklingar .....	52,6
	Sérstakur eignarskattur, lögaðilar .....	67,0
	Greitt úr ríkissjóði .....	11,0
	Skerðing markaðra tekna .....	119,6
	Viðskiptahreyfing.....	-11,0
<b>05-204</b>	<b>Fiskistofa</b>	
	Tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks .....	3,0
	Greitt úr ríkissjóði .....	3,0
<b>05-211</b>	<b>Kvótaþing</b>	
	Þóknun Kvótaþings fyrir skráningu á kvóatilboðum .....	-8,0
	Greitt úr ríkissjóði .....	-8,0
<b>07-331</b>	<b>Vinnueftirlit ríkisins</b>	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Vinnueftirlits ríkisins .....	3,0
	Greitt úr ríkissjóði .....	0,0
	Viðskiptahreyfing.....	3,0
<b>07-982</b>	<b>Ábyrgðasjóður launa</b>	
	Ábyrgðargjald vegna launa .....	11,0
	Greitt úr ríkissjóði .....	120,0
	Viðskiptahreyfing.....	-109,0
<b>07-984</b>	<b>Atvinnuleysistryggingasjóður</b>	
	Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi.....	300,0
	Greitt úr ríkissjóði .....	-760,0
	Viðskiptahreyfing.....	1.060,0
<b>07-989</b>	<b>Fæðingarorlof</b>	
	Hluti Fæðingarorlofssjóðs í almennu tryggingargjaldi.....	250,0
	Greitt úr ríkissjóði .....	250,0

<b>08-204</b>	<b>Lífeyristryggingar</b>	
	Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga .....	1.266,0
	Greitt úr ríkissjóði .....	1.266,0
<b>10-211</b>	<b>Vegagerðin</b>	
	Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni .....	-598,0
	Pungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald .....	368,0
	Pungaskattur, fast árgjald .....	70,0
	Greitt úr ríkissjóði .....	100,0
	Viðskiptahreyfing .....	-260,0
<b>11-299</b>	<b>Iðja og iðnaður, framlög</b>	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs .....	1,0
	Greitt úr ríkissjóði .....	0,0
	Viðskiptahreyfing .....	1,0
<b>12-302</b>	<b>Löggildingarstofa</b>	
	Eftirlitsgjald vottunaraðila rafrænna undirskrifta .....	2,0
	Greitt úr ríkissjóði .....	2,0
	<b>Heildartekjur .....</b>	<b>1.785,1</b>
	<b>Heildargreiðslur úr ríkissjóði .....</b>	<b>981,5</b>
	<b>Mismunur .....</b>	<b>803,6</b>
	<b>Par af skerðing .....</b>	<b>119,6</b>
	<b>Par af viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>684,0</b>

## Séryfirlit 4

**Aðrar rekstrartekjur stofnana 2001**

m.kr		Sjóðs- hreyfingar
<b>02-971</b>	<b>Ríkisútvarpið</b>	
	Afnotagjald RÚV, hljóðvarp.....	122,0
	Afnotagjald RÚV, sjónvarp .....	243,0
<b>05-210</b>	<b>Sjóður til síldarrannsókna</b>	
	Vaxtatekjur sjóðs til síldarrannsókna.....	-7,0
<b>10-471</b>	<b>Flugmálastjórn</b>	
	Flugleiðsöguþjónusta vegna innanlandsflugs .....	-20,0
	Veðurþjónustugjald vegna innanlandsflugs.....	-9,0
	<b>Heildartekjur .....</b>	<b>329,0</b>
	<b>Heildargreiðslur úr ríkissjóði .....</b>	<b>0,0</b>
	<b>Mismunur .....</b>	<b>329,0</b>
	<b>Par af skerðing .....</b>	<b>0,0</b>
	<b>Par af viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>

Séryfirlit 5  
**Lögbundin framlög 2001**

m.kr		Sjóðs- hreyfingar
<b>06-705</b>	<b>Kirkjumálasjóður</b>	
	Kirkjumálasjóður .....	2,4
	Greitt úr ríkissjóði .....	2,4
<b>06-733</b>	<b>Kirkjugarðsgjöld</b>	
	Kirkjugarðsgjöld .....	14,8
	Kirkjugarðssjóður.....	1,3
	Greitt úr ríkissjóði .....	16,1
<b>06-735</b>	<b>Sóknargjöld</b>	
	Sóknargjöld .....	39,3
	Greitt úr ríkissjóði .....	39,3
<b>06-736</b>	<b>Jöfnunarsjóður sókna</b>	
	Jöfnunarsjóður sókna .....	4,0
	Greitt úr ríkissjóði .....	4,0
<b>07-801</b>	<b>Jöfnunarsjóður sveitarfélaga</b>	
	Lögbundið framlag.....	43,0
	Greitt úr ríkissjóði .....	43,0
<b>08-399</b>	<b>Heilbrigðismál, ýmis starfsemi</b>	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag.....	7,7
	Greitt úr ríkissjóði .....	7,7
	<b>Lögbundin framlög alls .....</b>	<b>112,5</b>
	<b>Heildargreiðslur úr ríkissjóði .....</b>	<b>112,5</b>
	<b>Mismunur, skerðing.....</b>	<b>0,0</b>

*Gjört á Bessastöðum, 18. desember 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Geir H. Haarde.*

## AUGLÝSING

### um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS  
*gjörir kunnugt:* Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 127. löggjafarþings, frá 14. desember 2001 til 22. janúar 2002.

*Gjört á Bessastöðum, 13. desember 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Davíð Oddsson.*

Alþingi samþykkti hinn 14. desember 2001 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 127. löggjafarþings, frestað hinn 14. desember 2001.

*Forsætisráðuneytinu, 14. desember 2001.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 22 – 2001

20. desember 2001

377

Nr. 129

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

3. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Á sama fiskveiðiári er aðeins heimilt að veita fiskiskipi eina gerð leyfis til veiða í atvinnuskyni, þ.e. veiðileyfi með almennu aflamarki, veiðileyfi með krókaafلامarki eða leyfi til handfæraveiða með dagatakörkunum.

#### 2. gr.

Við lögina bætist ný grein, 6. gr. b, svohljóðandi:

Bátum sem veiðileyfi hafa með krókaafلامarki er heimilt að stunda veiðar úr þeim tegundum sem þeir hafa krókaafلامark í og enn fremur tegundum sem ekki sæta takörkunum á leyfilegum heildarafla. Ráðherra skal þó setja reglur um leyfðan meðafla. Krókaafلامark er óheimilt að nýta á annan hátt en við línu- og handfæraveiðar.

#### 3. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ákvæði laganna um úthlutun, nýtingu og framsal aflahlutdeildar og aflamarks gilda einnig um krókaafلامlutdeild og krókaafلامark nema öðruvísi sé kveðið á um í þeim.

#### 4. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Á hverju fiskveiðiári er sjávarútvegsráðherra heimilt að úthluta til árs í senn samtals allt að 1.000 lestum af ýsu, 1.000 lestum af steinbít og 300 lestum af ufsa miðað við óslægðan fisk til krókaafلامarkebáta sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaafلامarkebáta. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis. Getur ráðherra þar á meðal ákveðið skilyrði fyrir framsali aflamarks sem úthlutað er á grundvelli þessa ákvæðis og um ráðstöfun afla sem svarar til þess sem úthlutað er samkvæmt því.

## 5. gr.

2. málsl. 6. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Krókaaflahlutdeild verður aðeins flutt til báts sem er undir 6 brl. eða 6 brúttótonnum, enda hafi hann veiðileyfi með krókaaflamarki.

## 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Við 1. másl. 7. mgr. bætist: Þó skal einungis heimilt að flytja 30% krókaaflamarks.

b. 8. mgr. orðast svo:

Krókaaflamark verður aðeins flutt til báts sem er undir 6 brl. eða 6 brúttótonnum, enda hafi hann veiðileyfi með krókaaflamarki.

## 7. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

a. (I.)

Á fiskveiðiárinu 2001/2002 skal úthluta bátum með krókaaflamarksleyfi, sem slík leyfi fengu 1. september 2001, 1.800 lestum af ýsu, 1.500 lestum af steinbít og 300 lestum af ufsa, sem skal skipt milli þeirra á grundvelli veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á fiskveiðiárinu 1999/2000 eða 2000/2001, að vali útgerðar. Þetta magn kemur til viðbótar við þá úthlutun í þessum tegundum sem ákveðin var í reglugerð nr. 631 16. ágúst 2001, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002. Hlutdeild einstakra krókaaflamarksbáta skal hækka til samræmis við úthlutað viðbótarmagn og hlutdeild aflamarksskipa skerðast sem því nemur. Hluttur krókaaflamarksbáta skal eftir endurreikning hlutdeildar vera 14,4858770% í ýsu, 6,0736640% í ufsa og 38,3989351% í steinbít.

Bátum sem krókaaflamarksleyfi fengu 1. september 2001 skal á fiskveiðiárinu 2001/2002 úthlutað aflahlutdeild í keilu, löngu og karfa á grundvelli veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á tímabilinu 1. júní 1998 til 31. maí 2001. Að úthlutun lokinni skal endurreikna aflahlutdeild og aflamark allra fiskiskipa í keilu, löngu og karfa að teknu tilliti til þeirra breytinga sem stafa af þessari úthlutun.

Á fiskveiðiárinu 2001/2002 skal enn fremur úthluta bátum með krókaaflamarksleyfi, sem slík leyfi fengu 1. september 2001, 200 lestum af ýsu og 600 lestum af steinbít sem skiptist milli þeirra á grundvelli veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á fiskveiðiárinu 1999/2000 eða 2000/2001, að vali útgerðar. Þetta aukna aflamark ýsu og steinbíts á fiskveiðiárinu 2001/2002 kemur til viðbótar því heildarmagni sem ákveðið er í 1. mgr. þessa ákvæðis.

Við ákvörðun veiðireynslu samkvæmt þessu ákvæði skal taka tillit til flutnings veiðileyfa milli krókabáta.

Útgerðum báta, sem á fiskveiðiárinu 2000/2001 stunduðu línu- eða handfæraveiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga með föstu þorskaflahámarki, er heimilt að velja á milli veiðileyfis með krókaaflamarki og veiðileyfis til handfæraveiða með dagatakörkunum, enda hafi ekki verið flutt af bátum krókaaflahlutdeild eða krókaaflamark. Skulu útgerðir tilkynna Fiskistofu um val sitt fyrir 15. febrúar 2002. Tilkynni útgerðir ekki um val fyrir þau tímamörk skal bátum þeirra úthlutað veiðileyfi með krókaaflamarki. Velji útgerð veiðileyfi með dagatakörkunum fyrir bát reiknast róðrardagar hans fyrir útgáfu veiðileyfisins til leyfilegra sóknardaga á fiskveiðiárinu 2001/2002.

b. (II.)

Á tímabilinu 1. febrúar 2002 til 31. ágúst 2002 og á fiskveiðiárinu 2002/2003 er skipstjóra fiskiskips heimilt að ákveða að allt að 5% heildarafla hvors tímabils í botnfiski reiknist ekki til aflamarks skipsins, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Aflann sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður.
2. Aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til Hafrannsóknastofnunarinnar.

Sé framangreind heimild nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur standa skil á andvirði hins selda afla til Hafrannsóknastofnunarinnar að frá-dregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá skal útgerð skipsins fá 20% af andvirði selds afla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 6. og 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIV við lög nr. 38 15. maí 1990, sbr. 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II við lög nr. 1 14. janúar 1999 og a-lið 3. gr. laga nr. 93 22. maí 2000.

*Gjört í Reykjavík, 20. desember 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Arni M. Mathiesen.*



**LÖG****um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994,  
um Þróunarsjóð sjávarútvegsins,  
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „922 kr.“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: 1.018 kr., og í stað „350.000 kr.“ í sömu málsgrein kemur: 387.000 kr.

2. gr.

Í stað „1.230 kr.“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: 1.358 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. desember 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Árni M. Mathiesen.*

## FORSETAÚRSKURÐUR

um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiræðisskrifstofur.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Samkvæmt tillögu utanríkisráðherra og með vísan til 4. gr. laga nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. a. Sendiráð skulu vera í Berlín, Brussel, Helsinki, Kaupmannahöfn, London, Mapútó, Moskvu, Ottawa, Ósló, París, Peking, Stokkhólmi, Tókýó og Washington. Sendiráðið í París skal jafnframt gegna hlutverki fastanefndar hjá nánar tilteknum alþjóðastofnunum.  
b. Fastanefndir skulu vera í Brussel, Genf, New York, Strassborg og Vín. Fastanefndirnar í Genf, New York, Strassborg og Vín skulu jafnframt gegna hlutverki sendiráðs gagnvart nánar tilteknum ríkjum.  
c. Aðalræðisskrifstofur skulu vera í New York og Winnipeg.
2. Umdæmi sendiráða skulu vera sem hér segir:
  - a. **Berlín.** Auk Þýskalands skal umdæmi sendiráðsins vera Króatía, Pólland og Sviss.
  - b. **Brussel.** Auk Belgíu skal umdæmi sendiráðsins vera Marokkó, Liechtenstein og Lúxemborg. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera sendiherra Íslands hjá Evrópusambandinu (ESB/EU).
  - c. **Helsinki.** Auk Finnlands skal umdæmi sendiráðsins vera Eistland, Lettland og Úkraína.
  - d. **Kaupmannahöfn.** Auk Danmerkur skal umdæmi sendiráðsins vera Ísrael, Litháen, Malta, Rúmenía og Tyrkland.
  - e. **London.** Auk Bretlands skal umdæmi sendiráðsins vera Grikkland, Holland, Indland, Írland, Maldíveyjar, Nepal og Nígíría.
  - f. **Mapútó.** Auk Mósambík skal umdæmi sendiráðsins vera Malaví, Namibía, Suður-Afríka og Úganda.
  - g. **Moskva.** Auk Rússlands skal umdæmi sendiráðsins vera Armenía, Aserbaídsjan, Georgía, Hvíta-Rússland, Kasakstan, Kirgisía, Moldóva, Tadsjikistan, Túrkménistan og Úsbekistan.
  - h. **Ottawa.** Umdæmi sendiráðsins skal vera Kanada.
  - i. **Ósló.** Auk Noregs skal umdæmi sendiráðsins vera Egyptaland, Makedónía (fyrrum Sambandslýðveldi Júgóslavíu), Kýpur og Tékkland.
  - j. **París.** Auk Frakklands skal umdæmi sendiráðsins vera Andorra, Ítalía, Portúgal, San Marínó og Spánn. Sendiráðið skal gegna hlutverki fastanefndar gagnvart Efnahags-samvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD), Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) í Róm á Ítalíu.
  - k. **Peking.** Auk Kína skal umdæmi sendiráðsins vera Ástralía, Indónesía, Mongólía, Norður-Kórea (Alþýðulýðveldið Kórea), Nýja-Sjáland, Suður-Kórea (Lýðveldið Kórea), Taíland og Víetnam.

- l. **Stokkhólmur**. Auk Svíþjóðar skal umdæmi sendiráðsins vera Albanía, Banglades, Búlgaría, Júgóslavía (Serbía-Svartfjallaland), Pakistan og Srí Lanka.
  - m. **Tókýó**. Umdæmi sendiráðsins skal vera Japan.
  - n. **Washington**. Auk Bandaríkjanna skal umdæmi sendiráðsins vera Argentína, Brasilía, Chile, Gvatemala, Kostaríka, Kólumbía, Mexíkó, Níkaragva, Perú, Úrúgvæ og Venesúela.
3. Fyrirsvar fastanefnda skal vera sem hér segir:
- a. **Brussel**. Auk Atlantshafsbandalagsins (NATO) og stofnana tengdra því skal fastanefndin fara með fyrirsvar gagnvart Vestur-Evrópusambandinu (VES/WEU) og Stofnuninni um bann við efnavopnum (OPCW) í Haag í Hollandi.
  - b. **Genf**. Auk Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) skal fastanefndin fara með fyrirsvar gagnvart skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Genf, Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO), Alþjóðafjarskiptasambandinu (ITU), Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO), Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO), Alþjóðaveðurfræðistofnuninni (WMO) og Alþjóðavinnuálastofnuninni (ILO). Jafnframt skal fastanefndin gegna hlutverki sendiráðs gagnvart Slóveníu.
  - c. **New York**. Auk þess að fara með fyrirsvar gagnvart Sameinuðu þjóðunum í New York skal fastanefndin gegna hlutverki sendiráðs. Umdæmi þess skal vera eftirtalin ríki Karíbahafs: Bahamaeyjar, Barbadoseyjar, Grenada og Kúba.
  - d. **Strassborg**. Auk þess að fara með fyrirsvar gagnvart Evrópuráðinu skal fastanefndin gegna hlutverki sendiráðs gagnvart Páfagarði.
  - e. **Vín**. Auk Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE/OSCE) skal fastanefndin fara með fyrirsvar gagnvart Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni (IAEA) og skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Vín. Jafnframt skal fastanefndin gegna hlutverki sendiráðs gagnvart Austurríki, Bosníu og Hersegóvínu, Slóvakíu og Ungverjalandi.
4. Umdæmi aðalræðisskrifstofa skal vera sem hér segir:
- a. **New York**. Auk New York fylkis skal umdæmi aðalræðisskrifstofunnar vera fylkin Connecticut, New Jersey og Rhode Island.
  - b. **Winnipeg**. Umdæmi aðalræðisskrifstofunnar skal vera héraðið Manitoba, að undanskilinni borginni Gimli.
5. Utanríkisráðuneytið fer með fyrirsvar gagnvart öðrum ríkjum sem Ísland hefur stjórn mála-samband við, m.a. með skipun sendiherra með búsetu í Reykjavík eftir því sem ástæða er til:
- a. **Ameríka**: Panama.
  - b. **Afríka (sunnan Sahara)**: Angóla, Botsvana, Eþíópía, Gana, Grænhöfðaeyjar, Kenía, Lesótó, Níger, Seychelleseyjar, Sómalía, Svasíland og Tansanía.
  - c. **Mið-Austurlönd (ásamt Norður-Afríku)**: Alsír, Barein, Írak, Íran, Jórdanía, Kúveit, Líbanon, Óman, Sádi-Arabía og Túnis.
  - d. **Asía**: Filippseyjar og Singapúr.
  - e. **Eyjaálfa**: Marshalleyjar.

Úrskurður þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi forsetaúrskurður nr. 134 frá 31. desember 1999.

*Gjört á Bessastöðum, 12. desember 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Halldór Ásgrímsson.*

# AUGLÝSING

## um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Vöruliðir 2401, 2402 og 2403 ásamt tollskrárnúmerum orðist svo:

	A	E
	%	%
<b>2401</b>		
<b>Óunnið tóbak; tóbaksúrgangur:</b>		
– Tóbak, ekki afstilkjað/strípað:		
2401.1001 – – Sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota, eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða .....	0	
2401.1009 – – Annað .....	0	
– Tóbak, að öllu eða nokkru leyti afstilkjað/strípað:		
2401.2001 – – Sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota, eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða .....	0	
2401.2009 – – Annað .....	0	
– Tóbaksúrgangur:		
2401.3001 – – Sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota, eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða .....	0	
2401.3009 – – Annar .....	0	
<b>2402</b>		
<b>Vindlar, einnig endaskornir, smávindlar og vindlingar, úr tóbaki eða tóbakslíki:</b>		
– Vindlar, einnig endaskornir, og smávindlar, með tóbaksinnihaldi:		
2402.1001 – – Sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota, eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða .....	0	
2402.1009 – – Aðrir .....	0	
– Vindlingar með tóbaksinnihaldi:		
2402.2001 – – Sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota, eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða .....	0	
2402.2009 – – Aðrir .....	0	
– Annað:		
– – Vindlar og smávindlar úr tóbakslíki:		
2402.9011 – – Sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota, eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða.....	0	
2402.9019 – – – Aðrir .....	0	
– – Annars:		
2402.9091 – – Sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota, eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða..	0	
2402.9099 – – – Aðrir .....	0	

	A	E
	%	%
<b>2403 Önnur framleiðsla úr tóbaki og framleitt tóbakslíki; jafnblandað eða endurrunnið tóbak; tóbakskjarnar og tóbaksseyði:</b>		
– Reyktóbak, einnig með einhverju tóbakslíki:		
2403.1001 – – Sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota, eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða .....	0	
2403.1009 – – Annað .....	0	
– Annað:		
– – Jafnblandað eða endurrunnið tóbak:		
2403.9101 – – – Sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota, eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða .....	0	
2403.9109 – – – Annað .....	0	
– – Annars:		
– – – Neftóbak sem inniheldur solutio ammoniac:		
2403.9911 – – – – Sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota, eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða .....	0	
2403.9919 – – – – Annað .....	0	
– – – Annað neftóbak:		
2403.9921 – – – – Sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota, eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða .....	0	
2403.9929 – – – – Annað .....	0	
– – – Annað:		
2403.9991 – – – – Sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota, eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða .....	0	
2403.9999 – – – – Annars .....	0	

## 2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 1. mgr. 143. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi hinn 1. janúar 2002 og tekur til allra vara sem ótoll-afgreiddar eru við gildistöku hennar.

*Fjármálaráðuneytinu, 17. desember 2001.*

F. h. r.

**Ragnheiður Snorradóttir.**

*Jóna Björk Guðnadóttir.*

# LÖG

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt,  
lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga,  
lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald,  
lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda,  
lögum nr. 144/1994, um ársreikninga,  
og lögum nr. 145/1994, um bókhald,  
með síðari breytingum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### **Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.**

##### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „Hlutafélögum“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: samlagshlutafélögum.
- b. Í stað orðsins „Sameignarfélögum“ í 1. másl. 3. tölul. 1. mgr. kemur: Samlagsfélögum og sameignarfélögum.
- c. Í stað orðsins „sameignarfélag“ í 3. másl. 3. tölul. 1. mgr. kemur: samlagsfélag eða sameignarfélag.
- d. Í stað orðsins „sameignarfélags“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: samlagsfélags eða sameignarfélags.
- e. 4. másl. 2. mgr. fellur brott.

##### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 7. gr. laganna:

- a. 2. másl. 2. mgr. 1. tölul. orðast svo: Sama gildir um vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum og einnig um vinnu manns við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar.
- b. Við 1. tölul. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Til tekna sem laun teljast og lán til starfsmanna sem óheimil eru samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög.

## c. Við 4. tölul. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Til skattskyldra gjafa teljast lán til hluthafa og stjórnarmanna sem eru óheimil samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög.

## 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

## a. Á eftir orðinu „hlutareiganda“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: með takmarkaða eða ótakmarkaða ábyrgð.

## b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Úthlutun verðmæta skv. 1. mgr. til hluthafa eða hlutareiganda sem jafnframt er starfsmaður félags, eða tengds félags, telst vera laun skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. ef hún er óheimil samkvæmt lögum um hlutafélög eða lögum um einkahlutafélög. Ef úthlutun til annarra en starfsmanna er óheimil samkvæmt lögum um hlutafélög eða lögum um einkahlutafélög skal skattleggja úthlutunina sem tekjur skv. 4. tölul. A-liðar 7. gr. Ef slík úthlutun á sér stað til sameignarfélags, þar sem einn sameigenda er hluthafi, stjórnarmaður eða starfsmaður félagsins sem úthlutar verðmætum, skal úthlutunin teljast til tekna hjá honum skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr.

## c. Á eftir orðinu „hlutafélagi“ í 2. mgr. kemur: eða samlagshlutafélagi.

## d. Á eftir orðinu „félagi“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr.

## e. 3. másl. 3. mgr. orðast svo: Hafi aðili eignast hlutabréfin fyrir árslok 1996 er honum heimilt að miða við upphaflegt kaupverð hlutabréfanna þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 1996, eða jöfnunarverðmæti hlutabréfanna, sbr. 3. mgr. 17. gr., sé það hærra.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

## a. 1. mgr. orðast svo:

Söluhagnaður eigna telst mismunur á söluverði þeirra og stofnverði, að teknu tilliti til fenginna fyrninga og áður fengins söluhagnaðar eftir því sem nánar er ákveðið í 11.–27. gr.

## b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Við ákvörðun söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum sem skattaðili hefur eignast fyrir lok reikningsársins 2001 skal stofnverð ákvarðast í samræmi við endurmat þessara eigna og fengnar fyrningar við framtalsgerð á árinu 2002. Sama gildir um stofnverð ófyrnanlegra eigna sem notaðar eru í atvinnurekstri og eigna sem ekki hafa verið teknar í notkun í lok reikningsársins 2001, sbr. 33. gr.

Við ákvörðun söluhagnaðar af ófyrnanlegum eignum sem einstaklingur hefur eignast fyrir árslok 2001 og ekki eru tengdar atvinnurekstri hans skal stofnverð þeirra hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 2001.

## 5. gr.

Orðin „þegar stofnverð og fyrningar hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr., sbr. einnig 36. gr.“ í 2. mgr. 11. gr. laganna falla brott.

## 6. gr.

12. gr. laganna fellur brott.

## 7. gr.

2. mgr. 13. gr. laganna fellur brott.

## 8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og stofnverði þeirra að frádregnum áður fengnum niðurfærslum skv. 31. gr. A og söluhagnaði, sbr. 4. mgr. þessarar greinar og 4. mgr. 10. gr., hins vegar. Ef skattaðili hefur eignast hina seldu eign fyrir árslok 1978 er honum heimilt að nota gildandi fasteignamat í árslok 1979 í stað stofnverðs. Frá fasteignamati leigulóðar í þessu sambandi skal draga afgjaldskvaðarverðmæti, sbr. 2. mgr. 1. tölul. 74. gr.

b. Orðin „framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr.“ í 1. málsl. 4. mgr. falla brott.

c. Orðin „framreiknaður skv. 2. mgr. 13. gr.“ í 4. málsl. 4. mgr. falla brott.

d. 2. málsl. 5. mgr. orðast svo: Hagnaður af sölu telst mismunur á söluverði og kaupverði eftir að frá því hafa verið dregnar fengnar fyrningar og niðurfærsla skv. 6. mgr.

e. Orðin „framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. til þess árs þegar hann er tekjufærður“ í 3. málsl. 6. mgr. falla brott.

## 9. gr.

2. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra og stofnverði, sbr. 4. mgr. 10. gr.

## 10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Orðin „framreiknaður skv. 2. mgr. 13. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. og orðið „framreiknaður“ í 4. málsl. 2. mgr. falla brott.

b. 3. mgr. orðast svo:

Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis telst mismunur á söluverði og stofnverði að frádregnum áður fengnum söluhagnaði, sbr. 2. mgr. þessarar greinar og 4. mgr. 10. gr.

c. 2. málsl. 4. mgr. fellur brott.

## 11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þó skal kaupverð hlutabréfa í eigu rekstraraðila, þar með talið einstaklinga, í árslok 2001 ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þeirra þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 2001, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.

b. 4. mgr. orðast svo:

Við sölu á hlutabréfum, sem seljandi hefur eignast fyrir árslok 1996, skal skattskyldur söluhagnaður vera söluverð þeirra að frádregnu jöfnunarverðmæti, sbr. 3. mgr., eða upphaflegu kaupverði hlutabréfanna þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 1996 ef það er hærra. Þó skal kaupverð hlutabréfa í eigu rekstraraðila, þar með talið einstaklinga, í árslok 1996 ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þeirra eða jöfnunarverðmæti þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 2001, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.



- c. Orðin „annarra en eigin bréfa“ í 1. málsl. 5. mgr. falla brott.
- d. 6. málsl. 5. mgr. fellur brott.
- e. 3. málsl. 7. mgr. orðast svo: Kaupverð hlutabréfa sem rekstraraðili hefur fengið afhent sem stofnfjáreigandi skal þó ákvarðað sem kaupverð samkvæmt framangreindu þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli frá árslokum 1996 til ársloka 2001, enda hafi hlutabréfin verið eignfærð í atvinnurekstrinum.

## 12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

- a. Orðin „þegar kaupverð og eigin úttekt hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.
- b. Orðin „en að undanskildum 65% af fjárfestingarsjóði, sbr. 11. tölul. 31. gr.“ í 3. málsl. 2. mgr. falla brott.
- c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Þó skal hagnaður af sölu eignarhluta í samlögum og sameignarfélögum sem seljandi hefur eignast fyrir árslok 2001 ákvarðast sem hlutur hans í eigin fé félagsins í byrjun árs 2001 eða sem raunverulegt kaupverð að frádreginni eigin úttekt, sé það hærra, þegar kaupverð og eigin úttekt hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 2001.

## 13. gr.

Orðin „án tillits til verðbreytinga, sbr. 26. gr.“ í 20. gr. laganna falla brott.

## 14. gr.

2. mgr. 21. gr. laganna fellur brott.

## 15. gr.

26. gr. laganna fellur brott.

## 16. gr.

2. mgr. 27. gr. laganna fellur brott.

## 17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

- a. Orðið „framreiknaðs“ í 4. tölul. fellur brott.
- b. 5. tölul. orðast svo: Framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þó skal telja framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda til skattskyldra tekna ef iðgjaldagreiðslur frá launagreiðanda eða sjálfstætt starfandi manni, að viðbættum áður áunnum lífeyrisréttindum og framtíðarlífeyrisréttindum, skapa réttindi til greiðslu ellilífeyris umfram þau meðallaun sem greitt hefur verið af síðustu fimm ár miðað við að ellilífeyrir sé tekinn með jöfnum greiðslum frá 65 ára aldri.

Við mat á áunnum réttindum skal leggja saman áunnin réttindi í tryggingadeildum lífeyrissjóða samkvæmt samþykktum hvers og eins lífeyrissjóðs miðað við að taka lífeyris hefjist við 65 ára aldur. Einnig skal leggja saman áunnin réttindi í séreign og þau umreiknuð miðað við útgreiðslu lífeyris með jöfnum greiðslum í 17 ár frá 65 ára aldri.

Við mat á framtíðarréttindum til ellilífeyris skal miðað við að áfram sé greitt í trygg-  
ingadeild lífeyrissjóðs til 65 ára aldurs 10% iðgjald af meðallaunum síðustu fimm ára  
og að greiðslurnar myndi lífeyrisréttindi sem nema 1,2% af fyrrgreindum meðallaunum  
fyrir hvert ár. Við útreikning áunninna réttinda í séreign skal miða við 3,5% vexti.

Hafi í kjarasamningum verið samið um iðgjald í lífeyrissjóð eða til aðila skv. 3. mgr.  
8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eða það bundið  
í lögum skal það aldrei teljast til skattskyldra tekna.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessa töluliðar,  
þ.m.t. um hvaða upplýsingar unnt er að krefja launagreiðendur, sjálfstætt starfandi ein-  
staklinga og launþega vegna framkvæmdar ákvæðisins.

- c. Í stað orðanna „barnabótaauki, vaxtabætur og húsnæðisbætur“ í 7. tölul. kemur: og  
vaxtabætur.
- d. 8. tölul. orðast svo: Matshækkun búfjár skv. 2. tölul. 74. gr., enda kemur matslækkun  
ekki til frádráttar tekjum.
- e. Við greinina bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Húsaleigubætur, sbr. lög nr. 138/1997.

18. gr.

4. másl. 2. mgr. 30. gr. laganna fellur brott.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

- a. Á eftir 3. tölul. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Niðurfærslu vörubirgða í lok reikn-  
ingsárs um allt að 5% af matsverði, sbr. 4. tölul. 74. gr.
- b. Orðin „framreiknaðar samkvæmt ákvæðum 26. gr.“ í 7. tölul. falla brott.
- c. Í stað 2. másl. 8. tölul. koma þrjú nýir málsliðir sem orðast svo: Ákvæði 1. másl. skal  
einnig taka til arðs frá hlutafélögum sem skráð eru erlendis ef það félag sem arðinn fær  
sýnir fram á að hagnaður hins erlenda félags hafi verið skattlagður með sambærilegum  
hætti og gert er hér á landi. Frádráttur samkvæmt þessari málsgrein er bundinn því skil-  
yrði að það skatthlutfall sem lagt er á hagnað hins erlenda félags sé eigi lægra en al-  
mennt skatthlutfall í einhverju aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París  
(OECD). Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

- a. Orðin „að teknu tilliti til verðbreytinga skv. 36. gr.“ í 2. mgr. falla brott.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fyrningargrunnur eigna, sem skattaðili hefur eignast fyrir lok reikningsársins 2001,  
og fengnar fyrningar þeirra ákvarðast í samræmi við endurmat stofnverðs við framtals-  
gerð á árinu 2002.

21. gr.

36. gr. laganna fellur brott.

22. gr.

37. gr. laganna fellur brott.

## 23. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Þegar kostnaðarverð einstakra eigna eða eignasamstæðna er undir 250.000 kr. er heimilt að færa það að fullu til gjalda á því ári þegar þeirra er aflað.

## 24. gr.

44. gr. laganna fellur brott.

## 25. gr.

53. gr. laganna fellur brott.

## 26. gr.

Í stað tilvísunarinnar „7. tölul. 31. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 57. gr. A laganna kemur: 8. tölul. 31. gr.

## 27. gr.

Á eftir 57. gr. B laganna kemur ný grein, 57. gr. C, svohljóðandi:

*Yfirfærsla einstaklingsrekstrar í einkahlutafélag.*

Stofni einstaklingur í atvinnurekstri einkahlutafélag sem tekur við öllum eignum og skuldum atvinnurekstrarins og hefur með höndum sams konar rekstur eða starfsemi skal sú yfirfærsla ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir eigandann eða félagið, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

- a. Eigandi rekstrarins skal bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi, sbr. 1. gr.
- b. Félagið er tekur við rekstrinum skal skráð hér á landi og bera ótakmarkaða skattskyldu, sbr. 2. gr.
- c. Við yfirfærsluna fær eigandi rekstrarins eingöngu hluti í félaginu sem gagngjald fyrir yfirfærðar eignir og skuldir rekstrarins.
- d. Tilkynningu til hlutafélagaskrár um stofnun félagsins skal auk þeirra upplýsinga sem krafist er samkvæmt lögum um einkahlutafélög fylgja efnahagsreikningur einstaklingsrekstrarins sem jafnframt skal vera stofnefnahagsreikningur einkahlutafélagsins. Efnahagsreikninginn skal miða við 31. desember og má hann ekki vera eldri en fjögurra mánaða við stofnun einkahlutafélagsins og skal hann endurskoðaður af endurskoðanda og áritaður án fyrirvara. Jafnframt skal endurskoðandi staðfesta að hagar fyrirtækisins hafi ekki rýrnað vegna úttektar eiganda frá þeim tíma sem yfirfærslan skal miðuð við og fram að stofnun félagsins. Í skattalegu tilliti telst einkahlutafélagið yfirtaka rekstur og efnahag frá dagsetningu efnahagsreiknings. Stofnefnahagsreikningur ásamt yfirlýsingu um yfirfærslu einstaklingsrekstrar yfir í einkahlutafélag skal enn fremur fylgja fyrsta skattframtali félagsins.

Við yfirfærsluna skal félagið taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum rekstrarins, þ.m.t. eftirstöðvum rekstrartapa frá fyrri árum, enda séu skilyrði 8. tölul. 31. gr. uppfyllt. Þó ber sá sem stundaði reksturinn ótakmarkaða ábyrgð á greiðslu þeirra opinberu gjalda sem varða reksturinn fyrir yfirfærslu hans. Eignir og skuldir skulu yfirfærast á bókfærðu verði. Stofnverð gagngjalds hluta í einkahlutafélaginu, sbr. c-lið 1. mgr., ákvarðast jafnt bókfærðu eigin fé í efnahagsreikningi sem stofnefnahagsreikningur miðast við.

## 28. gr.

Í stað 1. mgr. 59. gr. laganna koma fjórar nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Endurgjald fyrir vinnu manns, sem reikna skal sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., skal eigi vera lægra en launatekjur hans hefðu orðið ef unnið hefði verið fyrir ótengdan eða óskyldan aðila. Sama gildir um endurgjald fyrir starf maka manns, barns hans innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, venslamanns hans eða nákomins ættingja. Ríkisskattstjóri setur árlega við upphaf tekjuárs reglur um reiknað endurgjald. Við ákvörðun lágmarks endurgjalds skal höfð hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf.

Færi maður sér til tekna á framtali lægra endurgjald en áskilið er í reglum ríkisskattstjóra, sbr. 1. mgr., skal skattstjóri hækka endurgjaldið, óháð ákvörðun á staðgreiðsluári, enda hafi framteljandi ekki lagt fram fullnægjandi gögn og rökstuðning með skattframtali sem honum ber að gera ótilkvaddur. Skattstjóra er heimilt að fallast á lægra endurgjald en viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra kveða á um, enda liggi fyrir viðhlítandi gögn og rökstuðningur framteljanda og eftir atvikum launagreiðanda sem réttlætt getur slíka ákvörðun. Framteljandi skal m.a. láta í té upplýsingar um umfang og eðli starfs og starfsemi, afkomu rekstrarins, fjármagn bundið í rekstri og upplýsingar um útselda vinnu eftir því sem það á við.

Ákvörðun skattstjóra um hækkun á reiknuðu endurgjaldi manns með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi má ekki mynda tap umfram það sem nemur samanlögðum almennum fyrningum skv. 38. gr. Skattstjóri skal við ákvörðun reiknaðs endurgjalds elli- og örorkulífeyrisþega við eigin atvinnurekstur gæta þess að tap myndist ekki við það í rekstrinum.

Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda um starf á vegum lögaðila eftir því sem við getur átt, enda vinni maður við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann, maki hans, barn eða nákomnir ættingjar eða venslamenn hafa ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar.

## 29. gr.

Í stað tilvísunarinnar „7. tölul. 1. mgr. 31. gr.“ í 3. mgr. 3. tölul. 62. gr. laganna kemur: 8. tölul. 1. mgr. 31. gr.

## 30. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „26,08“ í 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna kemur: 25,75.

## 31. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

- a. Í stað hlutfallstölunnar „20“ í 1. málsl. 1. mgr. 2. tölul. kemur: 15.
- b. Í stað hlutfallstölunnar „13“ í 2. mgr. 2. tölul. kemur: 10.

## 32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

- a. Í stað hlutfallstölunnar „30“ í 1. mgr. kemur: 18.
- b. Á eftir orðinu „sameignarfélaga“ í 2. mgr. kemur: og samlagsfélaga.
- c. Í stað hlutfallstölunnar „38“ í 2. mgr. kemur: 26.

## 33. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 74. gr. laganna:

- a. Orðin „og að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr.“ í 2. málsl. 1. tölul. falla brott.

- b. Orðin „og að teknu tilliti til endurmats samkvæmt bráðabirgðaákvæði IV og verðbreytinga eftir árið 1979 skv. 26. gr.“ í 1. mgr. 3. tölul. falla brott.
- c. Orðin „án endurmats“ í 2. mgr. 3. tölul. falla brott.
- d. Við 4. tölul. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þó skal heimilt að draga allt að 5% frá þannig reiknuðu matsverði.
- e. Orðin „eftir að stofnverð, fyrningar og niðurfærslur hafa verið hækkaðar eða lækkaðar í samræmi við ákvæði 26. gr.“ í 8. tölul. falla brott.

## 34. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 78. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „Byggingarsjóði ríkisins“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: og Íbúðalánasjóði.
- b. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Sama gildir um sambærileg verðbréf gefin út af öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

## 35. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 83. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „3.651.749“ á tveimur stöðum í greininni kemur: 4.720.000.
- b. Í stað hlutfallstölunnar „1,2“ kemur: 0,6.

## 36. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:

- a. Í stað hlutfallstölunnar „1,2“ í 1., 2. og 3. mgr. kemur: 0,6.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „3.651.749“ í 2. og 3. mgr. kemur: 4.720.000.

## 37. gr.

Í stað orðanna „skriflega rökstudda kæru“ í 1. málsl. 1. mgr. 99. gr. laganna kemur: rökstudda kæru, skriflega eða rafræna, í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

## 38. gr.

Á eftir 105. gr. laganna kemur ný grein, 105. gr. A, svohljóðandi:

*Áætlanagerð og hagrannsóknir.*

